



Ársskýrsla 2021

Golfklúbbur Suðurnesja

Sæl og blessuð kærur félagar.

Það er mjög ánægjulegt að við skulum geta haldið fundinn hér í klúbbhúsinu okkar í Leirunni. Í fyrra mátti ekki hópast saman og þá héldum við rafrænan fund sem að vísu tókst mjög vel. En það er alltaf skemmtilegra að hittast.

Veðrið hér á suðvesturhorninu var okkur kylfingum ekki mjög hliðhollt og sést það best á spiluðum hringjum í Leirunni í ár miðað við árið í fyrra. Við héldum tvö vormót en vegna veðurs varð að fella niður öll haustmót. Eins getum við séð hvernig veðráttan speglast á veitingasölunni enda færri fólk á vellinum stærsta hluta tímabilsins.

Kylfingar voru lánsamir þetta árið miðað við margar aðrar íþróttagreinar þar sem að þrátt fyrir Covid var hægt að spila golf. Æfingar féllu þó niður í nokkrar vikur vegna sóttvarnarreglna.

Starfsfólk og stjórn nýtti vel fyrri hluta árs til að skipuleggja starfið fyrir komandi golftímabil. Eins var áfram haldið að fara yfir framtíðarsýn klúbbsins. Formaður, framkvæmdastjóri og íþróttastjóri fóru í byrjun árs á fund með Íþrótt- og tómstundaráði Reykjanesbæjar og kynntu þar starfsemi GS. Eins fóru þau yfir þá framtíðarsýn stjórnar að inniaðstaða verði byggð við klúbbhúsið og að öll starfsemi klúbbsins verði á einum stað. Klúbbhúsið í Leiru yrði þá samastaður kylfinga allt árið um kring. Sýnin er að gera breytingar á kjallara hússins og gera tengingu við nýja byggingu við hliðina. Í framhaldi af fundinum sendum við inn beiðni til Reykjanesbæjar vegna viðhalds á Tjarnarkoti (sem nú þegar hefur verið samþykkt hjá Reykjanesbæ), vegna lagfæringar á þaki klúbbhússins, vegna framkvæmda í vélaskemmu og eins vegna aðkomu Reykjanesbæjar að uppbyggingu við klúbbhúsið.

Reykjanesbær svaraði ákalli okkar um betri inniaðstöðu með því að afhenda okkur afnot af helmingnum af gömlu slökkvistöðinni í Reykjanesbæ ásamt fjármagni til að gera aðstöðuna starfhæfa. Sigurpáll íþróttastjóri hefur leitt þá vinnu ásamt afrekshópnum okkar og nokkrum félagsmönnum. Þar er búið að lyfta grettistaki og aðstaðan er að verða stórglæsileg. Í framhaldi samþykkti stjórn að festa kaup á nýjum fullkomnum golfhermi. Gamli hermirinn

verður líka færður yfir og mun stjórn svo skoða þann möguleika að kaupa annan hermi eins fljótt og kostur er.

GS gerði samning við Bílaleigu Akureyrar um kaupleigu á fjórum nýjum golfbílum. Segja má að það hafi heldur betur slegið í gegn en útleigan stoppaði varla frá því þeir komu í hús og þangað til þeir voru fluttir í hlýjuna í vélaskemmuni. Stjórn hefur ákveðið að gera samning um tvo bíla í viðbót þannig að á næsta tímabili verði sex nýir golfbílar til notkunar ásamt gamla rafmagnsbílum okkar sem enn er þökkalega nothæfur. Hinir bensínbílarirnir okkar sem fyrir löngu voru hættir að vera hæfir til útleigu eru komnir til starfsmanna vallarins og létta mikið undir í þeirra störfum.

Pallurinn við húsið var stækkaður og fengum við veglegan styrk frá Byko í formi húsgagna á stækkaðan pall.

Búninganefnd skilaði af sér sinni vinnu og við fengum í byrjun sumars nýjan fatnað frá FootJoy fyrir GS félag. Félagsmenn voru áhugasamir um nýjan fatnað og var gaman að sjá í sumar hve margir félagar voru komnir í nýju fötin á golfvellingnum sem og í keppnum. Vil ég þakka þeim sem voru í nefndinni fyrir þeirra störf.

Stjórn ákvað að fara í allsherjar viðhaldsaðgerðir á vélaskemmuni en ástandið á henni var orðið frekar lélegt og skemman ekki upphituð. Ráðinn var starfsmaður í gegnum VMST í úrræðinu *Hefjum störf*. Loft voru einangruð og klædd, allt málað, salerni löguð og húsið lagað að utan þar sem þurfti. Gerður var stígur að salerni frá 8. teig og svo var varmadæla sett upp. Þetta var verkefni sem kostaði um 4.000.000 kr.

Keypt var ný brautasláttuvél (sem er full greidd) og einnig var keyptur vinnubíll með palli á völlinn. Eins þurfti að endurnýja frysta og ýmis tæki í eldhúsi.

Stjórnin hafði skipulagt nokkra viðburði sem halda átti á árinu til að styrkja félagsstarfið og upplýsa félagsmenn. Vegna Covid sóttvarna náðist það því miður ekki en bíður betri tíma.

Við erum einstaklega rík af sjálfböðaliðum og komu þeir að mörgu þetta árið. Við fengum félag sem komu og löguðu alla lýsingu í klúbbhúsinu, vaskur hópur kvenna kom og þreif húsið fyrir okkur á vormánuðum, vaskur hópur karla kom og smíðaði stækkunina á pallinum. Sjálfböðaliðar tóku þátt í ræsingu í mótum og eftirliti á vellingnum á góðviðrisdögum. Sigurpáll íþróttastjóri tók sig til og málaði geymsluna í kjallaranum. John Berry var valinn sjálfböðaliði GS fyrir árið 2021 og tilnefndi klúbburinn hann sem sjálfböðaliða ársins 2020 til Golfsambands Íslands.

Stóri hólmur eða Jóelinn var auglýstur til sölu á vormánuðum. Stjórn hafði samband við fulltrúa seljanda og nokkra fasteignasala og fljótlega kom í ljós að væntingar um söluverð var töluvert hærra en klúbburinn hafði svigrúm til. Ábending hefur verið komið til stjórnar að boða hefði átt til félagsfundar til að fara yfir málið, stjórn tekur það til sín. Stjórn gerði óformlega könnun og áætlun um hvort raunhæft væri að safna þeirri upphæð sem um var rætt án þess að skuldsetja klúbbinn. Eftir þá könnun taldi stjórn svo ekki vera. Á stjórnarfundi í ágúst var svo ákveðið að kanna með formlegum hætti á hvaða verði klúbburinn gæti fengið landið. Sama dag var rætt við fasteignasala innan klúbbsins og hann beðinn um að taka málið að sér. Á það reyndi þó ekki þar sem daginn eftir ákvörðunina fékk stjórn upplýsingar um að búið væri að samþykkja kautilboð í Stóra hólm.

GS og nýir eigendur hafa verið í góðu sambandi frá byrjun og nú er verið að skoða hvernig sambúðin og samstarfið milli GS og nýrra eigenda verður þar sem hagsmunir beggja aðila verða hafðir að leiðarljósi.

Fjárhagurinn er í góðum farvegi á þessum tímapunkti og er hagnaður ársins um 24 milljónir króna og handbært fé um 35 milljónir. Þessi ágætis staða gerir það að verkum að við höfum átt fjármuni fyrir þeim aðgerðum og kaupum sem við höfum farið í. GS skuldar Landsbankanum um 8 milljónir króna sem er lán sem var tekið þegar æfingaskýlið var byggt. Stjórn GS er þessa dagana að leita leiða til að semja við bankann og stefnir á að ná samningum og greiða upp lánið. Þó mörg mál séu aðkallandi og löngun allra til hraðari uppbyggingar þá er stjórn sammála því að ekki skuli skuldsetja klúbbinn heldur framkvæma og áætla eftir því sem fjármunir leyfa hverju sinni. Eins og hægt er að sjá í fjárhagsáætlun erum við í stjórn búin að eyrnamerkja stóran hluta af hagnaði ársins vissum verkefnum. GS á ekki að safna miklu fé en þarf þó að eiga varasjóð á hverjum tíma til að mæta óvæntum kostnaði. Starfsfólk og stjórn hefur lagt mikið á sig til að komast á þennan stað og því mikilvægt fyrir klúbbinn að halda áfram að halda vel utan um allan kostnað.

Þegar ný stjórn og formaður tóku við stjórn klúbbsins í desember 2019 settumst við fljótlega niður og áttum góðar vinnuhelgar þar sem við fórum yfir starfið, fjárhaginn og byrjuðum að teikna upp framtíðarsýn og stefnu GS fyrir næstu ár og forgangsraða verkefnum. Verkefnin voru mörg og enn eru mörg ókláruð. Það sem bar hæst var að tækjakosturinn er að verða gamall og þarfnaðist endurnýjunar. Gerður var listi um vélar og tæki og raðað í forgangsrað, vélaskemman var í slæmu ástandi og það vantaði golfbíla. Tjarnarkot var nánast að verða ónýtt, klúbbhúsið þarfnaðist upplyftingar, bæði að innan og utan og ásýnd aðkomu að klúbbhúsinu þarf að laga. Klára þarf 4. brautina og í raun laga alla ásýnd og ímynd á vellinum. Auka félagsvitund og áhuga félagsmanna fyrir klúbbum. Bæta utanumhald og stuðning við afrekskyllinga.

Fjárhagurinn á þeim tímapunkti bauð ekki upp á miklar aðgerðir. Stjórn var sammála að skuldsetja ekki klúbbinn, enda átti og á klúbburinn ekki neinar eignir nema vélabúnað sem var gamall og hlutabréf í Hróðurnesi.

Stjórnin setti sér markmið og mótaði stefnu sem er verið að fylgja eftir. Ákveðið var að byrja á að fara yfir fjármálin, breyta ferlum, verðskrárum o.fl.

1. Ráðast í að gera klúbbhúsið aðlaðandi, setja sögu félagsins í forgrunn, reka veitingasöluna sjálf, ekki í hagnaðarskyni heldur til að þjónusta félagsmenn. Á sama tíma gera salinn hæfan til útleigu og fá inn tekjur af honum.
2. Endurnýja tæki á hverju ári. Ná tækjakostinum góðum.
3. Styðja vel við afrekskylfingana og þá sem keppa fyrir hönd klúbbsins.
4. Gera áætlun og framtíðarsýn til að fjölga og efla starf barna og afrekskylfinga.
5. Funda með Reykjanesbæ og kynna starfið, stöðuna og þarfir klúbbsins.
6. Funda með Suðurnesjabæ og kynna starfið, stöðuna og þarfir klúbbsins.
7. Byrja vinnu við að laga ásýnd á aðkomu að klúbbhúsinu.
8. Klára 4. braut og ásýnd vallarins í heild sinni. Auka á upplifun félagsmanna og gesta.
9. Uppbygging á inniaðstöðu við klúbbhúsið, heilsárs starfssemi í húsinu.
10. Verða 1000 manna klúbbur.

Árið 2022 munu liðir 7 og 8 vera í forgrunni ásamt eflingu barna- og afreksstarfs og fjölgun félagsmanna.

Stjórn Golfklúbbs Suðurnesja 2020-2021

Ólöf Sveinsdóttir, formaður

Sveinn Björnsson, varaformaður

Karitas Sigurvinsdóttir, gjaldkeri

Arnar Ingólfsson, ritari

John Steven Berry, meðstjórnandi

Sigurður Sigurðsson, meðstjórnandi

Rúnar Óli Einarsson, meðstjórnandi

Páll Marcher Egonsson, meðstjórnandi

Róbert Sigurðsson, meðstjórnandi

Rúnar Óli og John Berry munu yfirgefa stjórn núna og vil ég þakka þeim fyrir þeirra störf og gott samstarf.

Haldnir voru 8 formlegir stjórnarfundir á tímabilinu ásamt vinnufundum. Eins var stjórnin með vinnudag og kláraði verkefni frá árinu áður, til að mynda tiltekt í klúbbhúsinu, háaloftið var losað og var farið í gegnum mikið magn af skjölum en þar fundust margir gullmolar frá fyrstu árum klúbbsins ásamt upplýsingum um Hróðurnes. Öllum sögulegum gögnum hefur verið safnað saman og komið vel fyrir í góðum hirslum og er búið að skanna flest það sem fannst og tengist Hróðurnesi.

Mótamál

Samanlagt voru haldin 30 mót (jafnmörg og í fyrra). Opnu mótin voru 12 talsins og voru þátttakendur 1121 (1544 í fyrra) og innanfélagsmótin voru 18 og 1401 þátttakendur (1819 í fyrra). Vormótin urðu tvö en illa gekk að halda haustmót vegna veðurs og þurfti alltaf að fella þau niður.

Stigamót

Haldin voru 12 stigamót þar sem 682 kylfingar tóku þátt. Að meðaltali tóku 57 kylfingar þátt í hverju móti (80 í fyrra). Rut Þorsteinsdóttir stóð uppi sem stigameistari kvenna 2021 og Róbert Örn Ólafsson varð stigameistari karla.

Bikarkeppni

Bikarkeppnin(holukeppni) var haldin eins og venjulega þar sem 48 kylfingar tóku þátt (66 í fyrra og fullt í mótið). Sigurvegari bikarkeppninnar 2021 var Þorgeir Ver Halldórsson.

Geysisdeildin

Geysisdeildin (liðakeppni) fór fram í þriðja sinn og báru *Hinir útvöldu* sigur úr bítum þetta árið.

Meistaramótið

Meistaramót GS fór fram í byrjun júlí og tóku 118 kylfingar þátt (126 í fyrra). Fjóla Margrét Viðarsdóttir stóð uppi sem GS meistari kvenna og Logi Sigurðsson varð GS meistari karla.

Snærisleikur á Jónsmessu

Sumarsólstöðumótið eða snærisleikurinn var haldinn á Jónsmessunni og skemmtu félagsmenn sér vel á golfvellinum.

Bændaglíman

Bændaglíman var haldin 18. september og enn og aftur var veðrið að stríða keppendum en þátttakendur létu það þó ekki stoppa sig frekar en fyrri daginn á þessu móti. 40 félagsmenn mættu til leiks, spiluðu 9 holur og skemmtu sér vel.

Hjóna og parakeppni - Diamonds Suites

Hjóna og parakeppni í samstarfi við Hótel Keflavík var haldið í þriðja skiptið og var fullt í mótið eins og vanalega og komust færri að en vildu. Öll umgjörð um mótið tókst vel og Hótel Keflavík frábærir samstarfsaðilar.

GSÍ mót

Eins og undanfarin tvö ár var haldið stigamót GSÍ á Hólmsvelli. Mótið var haldið í byrjun júní og mættu 114 keppendur. Þarna öttu bestu kylfingar landsins kappi og var þeim tíðrætt um hve völlurinn okkar væri í góðu standi, gaman að segja frá því.

Í september fór fram mót á öldungamótaröðinni, LEK og voru það 96 kylfingar sem mættu til leiks.

Meistaramótið í betri bolta

GS tók þátt í mótariðinni *Meistaramótið í betri bolta* en það voru 6 mót haldin yfir sumarið, víðsvegar um landið. Þetta er tveggja manna mót með skemmtilegu fyrirkomulagi og er það stefna GS að halda áfram þátttöku á næsta ári.

Firmamót GS

Ákveðið var að endurvekja svokallað Firmamót og var það haldið í lok sumars. Það gekk vonum framár og var gífurlega vel tekið í mótið frá fyrirtækjum á svæðinu. 32 lið kepptu og spiluðu Hólmsvöll í fínu veðri og er það ætlun okkar að þetta verði árlegur viðburður hjá GS.

Vina og paramót Marriott

Þar sem ekki allir geta tekið þátt í hjóna- og parakeppni var ákveðið að halda annað mót sem væri vina- og parakeppni og því öllum frjáls aðgangur að mótinu. Það var gert í góðu samstarfi við Courtyard by Marriott hótelið og til leiks mættu 72 keppendur eða 36 lið. Það er stefnan að halda þetta mót aftur næsta sumar og fá enn fleiri þátttakendur.

Vinamót Sandgerði

GS og Golfklúbbur Sandgerðis ákváðu að halda vinamót sín á milli og var það að þessu sinni haldið í Sandgerði þar sem félagar klúbbanna mættu, spiluðu og höfðu gaman. Í lokin var svo grillað fyrir keppendur. Klárlega eitthvað sem klúbburinn vill halda áfram og yrði þá næsta mót haldið í Leirunni.

Kvennastarf

Kvennanefndina 2021 skipuðu: Karitas Sigurvinsdóttir, Þuríður Magnúsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Björk Þorsteinsdóttir, Sara Guðmundsdóttir, Halldóra Magnúsdóttir og Brynja Aðalbergisdóttir.

Kvennastarfið var í miklum blóma í ár þó veðrið hafi nú ekki alltaf leikið við okkur voru konur mjög duglegar að mæta á mánudögum. Starfið hófst um miðjan maí og stóð til loka ágúst, stemningin var frábær á vellinum og í Leirukaffi á eftir spilamennskuna. Haldin voru alls konar golfmót og staðið fyrir ýmsum uppákomum. Vinkonur okkar í Setberginu komu í heimsókn og GS konur heimsóttu þær. Spilað var texas scramble og allir fóru heim með vinning. Mjög skemmtileg hefð er komin á þetta samstarf klúbbanna. Vegna heimsfaraldursins var í annað sinn ekki hægt að halda lokahóf, nefndin er að skoða að halda skemmtikvöld á nýju ári áður en golfvertíðin byrjar.

Skýrsla íþróttastarfs Golfklúbbs Suðurnesja fyrir starfsárið 2021

Golfklúbbur Suðurnesja (GS) heldur úti öflugum barna-, unglunga- og afreksstarfi í 11 mánuði á ári. Iðkendur stunda æfingar frá byrjun nóvember og fram í lok september ár hvert. Yfir vetrartímamann fara æfingar fram í íþróttakademíunni en yfir sumartímamann í Leirunni. Í þessum töluðu orðum erum við að standsetja nýja inniaðstöðu í gömlu slökkvistöðinni þar sem verða 2 golfhermar, net til að slá í, púttflöt og félagsaðstaða. Opnun aðstöðunnar er eftir örfáa daga og verður hún auglýst vel og vonandi nýta félagsmenn sér hana vel í vetur.

Iðkendur æfa þrisvar sinnum í viku á veturna þar sem aðaláherslan er að bæta færni, tækni og líkamlega getu til þess að bæta sinn leik fyrir sumarið. Yfir sumartímamann eru æfingar þrisvar sinnum í viku auk NETTÓ mótaraðar barna og unglunga þar sem ungir iðkendur fá tækifæri til þess að kynnst því að spila aðalvöllinn okkar og að lækka forgjöf. Aðaláherslan yfir sumartímamann er að viðhalda góðum grunni, bæta leikskilning, leikskipulag, andlega þáttinn og hæfni í að koma betra skori í hús.

Nýliðastarf klúbbsins heldur áfram að vaxa og dafna og hjálpar mikið til við að fjölga meðlimum í klúbbum okkar. Hvorki fleiri né færri en 85 einstaklingar mættu á nýliðanámskeiðin síðastliðið vor sem var svo fylgt eftir með degi þar sem þeim var boðið að koma í Leiruna að eiga skemmtilegan dag. Dagurinn byrjaði með súpu, brauði og fyrirlestri frá Sigga Palla. Eftir það var spilað Texas scramble á aðalvöllinum þar sem afrekskylfingar og sjálfboðaliðar gengu með og aðstoðuðu hvert lið. Stefnan er að sjálfsgöðu að stækka þessa viðburði og jafnvel bæta fleirum við.

Annað árið í röð stöðvaði veiran okkur í að fara í æfingaferð erlendis. Í stað þess var ákveðið að fara í æfinga- og klúbbferð innanlands og urðu Hellishólar í Fljótshlíð fyrir valinu annað árið í röð. Þangað fóru 50 iðkendur og klúbbfélagar og áttu saman góða langa helgi og er það alveg ljóst að sambærileg ferð verður farin árið 2022. Klúbburinn hefur sett stefnuna á æfingaferð iðkenda til Valle del Este dagana 19.-26. mars á næsta ári.

Nokkrir iðkendur GS sóttu mótaraðir Golfsambands Íslands, Unglingamótaröðina, Áskorendamótaröðina og Stigamótaröð GSÍ fyrir fullorðna. GS á 8 leikmenn á stigalista GSÍ árið 2021 og er það mesti fjöldi í nokkuð mörg ár. Þessar mótaraðir eru gríðarlega góður vettvangur til þess að þróa sig og bæta sem kyfling og keppa meðal þeirra bestu. Það er okkar von að iðkendum GS muni fjölga á mótaröðunum á næsta ári og að árangurinn verði enn betri en í ár.

Nokkrir GS félagar sóttu Stigamótaröð GSÍ sem er mótaröð þeirra bestu. Pétur Þór Jaidee hefur bætt sig mikið með miklum æfingum og náði þrisvar sinnum inn á topp 20 og Guðmundur Rúnar náði einu sinni inn á topp 10.

Fjóla Margrét er kvenkylfingur ársins hjá Golfklúbbi Suðurnesja.

Fjóla Margrét átti frábært tímabil og gerði sér lítið fyrir og vann allt sem hægt var að vinna í flokki 14 ára og yngri á Íslandi. Hún varð Íslandsmeistari í holukeppni, högggleik og stigameistari GSÍ. Hún tók þátt í einu móti á meðal þeirra bestu og endaði í 5. sæti. Fjóla varð einnig klúbbmeistari GS í fyrsta sinn.

Logi Sigurðsson er karlkylfingur ársins hjá Golfklúbbi Suðurnesja.

Logi Sigurðsson átti gott tímabil en hann varð klúbbmeistari GS í fyrsta sinn. Logi endaði Íslandsmót 19-21 árs í 6. sæti og sigraði á Reykjavík Junior Open. Einnig var hann að spila sitt fyrsta tímabil á mótarið þeirra bestu og náði sér í góða reynslu fyrir komandi ár.

Klúbburinn sendi sveitir á Íslandsmót golfklúbba í öllum aldursflokkum Sveitir GS stóðu sig með þryði og voru klúbbnum til sóma á allan hátt. Ekki náðist að manna kvennasveit GS þetta árið og er það miður en það er klárt mál að send verður sveit árið 2022. Hér á eftir kemur svo árangur hvernar sveitar fyrir sig.

- Karlasveit GS endaði í 7. sæti í 1. deild og heldur sæti sínu í deildinni.
- Öldungasveit karla spilaði í efstu deild og endaði í 4. sæti.
- Öldungasveit kvenna spilaði í 2. deild og enduðu þær í 2. sæti eftir æsispennandi úrslitaleik.
- Unglingasveit pilta undir 15 ára endaði í 11. sæti af 15 sveitum sem er viðunandi árangur miðað við að allir í liðinu voru að taka þátt í þessari keppni í fyrsta skipti.
- Barnasveit GS undir 12 ára spilaði í bláu deildinni þar sem liðsforgjöfin var mjög jöfn. Hún gerði sér lítið fyrir og sigraði alla leikina og þar með deildina.

Það má segja að íþróttastarfið árið 2021 hafi gengið vel og auðvitað standa Íslandsmeistarititlarnir hennar Fjólu upp úr. Það er markmið okkar að fjölga ungum iðkendum ár frá ári því það er ljóst að með því að fjölga þeim erum við að auka líkurnar á að þeir verði framtíðar meðlimir sem munu svo að öllum líkindum koma aftur í sinn heimaklúbb með maka sína og börn í starfið. Mig langar að þakka fyrir gott samstarf við aðra starfsmenn klúbbsins, afreksnefnd, nýliðanefnd, mótanefnd og stjórn GS. Árið 2022 getur orðið enn betra ef allir leggjast á eitt og vinna á sömu línu varðandi fjölgun meðlima, efla félagsandann og að efla barna-, unglínga- og afreksstarfið.

Golfkveðja,

Sigurpáll Sveinsson

Íþróttastjóri GS

Tölfræði

- Frá okt 2020- mars 2021 voru skráðir rástímar 2720 talsins. Að mestu leyti voru það GS meðlimir fyrir utan 67 manns í október, 14 í febrúar og tvo í mars. Á þessu tímabili var aftur á móti nokkuð um lokanir á vellinum vegna Covid-19, til að mynda var alveg lokað í nóvember, eitthvað í desember og svo aftur í mars.
- Á árinu 2021 var opið inn á sumarflatir frá 22. apríl til og með 14. nóvember.
- Á tímabilinu apríl til og með september 2021 voru skráðir rástímar 17.852, þar með talin mót. Það er nokkuð lægri tala en á sama tímabili á árinu 2020 en þá voru 20.253 skráðir rástímar.
- Af skráðum rástímum (fyrir utan mót) árið 2021 voru 10.730 GS meðlimir sem spiluðu Hólmsvöll en 3428 voru kylfingar frá öðrum klúbbum. Það voru þó nokkuð færri hringir en í fyrra en þá voru tölurnar 12.045 hringir sem GS meðlimir spiluðu og 3.976 voru aðkomukylfingar. Því miður voru veðurguðirnir ekki hliðhollir svæðinu í sumar og heyra mátti á fólki að þrátt fyrir mikla tilhlökkun í byrjun sumars var komin veðurþreyta á miðju sumri og margir flúðu austur eða norður í land í leit að betra golfvæðri.
- Maí er langfjölmennasti mánuðurinn en þá voru skráðir 4201 á rástíma (með mótum). Ljóst er að höfuðborgarbúar sækja mikið á Hólmsvöll á vorin enda opnum við inn á sumarflatir á undan flestum völlum á höfuðborgarsvæðinu.

Nýliðar

Golf heldur áfram að verða vinsælla og vinsælla og þrátt fyrir slæmt veður í sumar voru svipað margir nýliðar sem gengu í klúbbinn í ár og í fyrra eða um 75 manns. Af þeim 75 sem gengu í klúbbinn árið 2020 voru 54 sem héldu áfram að vera félagar árið 2021.

Meðlimir GS

Fjöldi meðlima GS á árinu 2021 er 682 og skiptist eftirfarandi:

Karlar: 475 (70%)

Konur: 207 (30%)

0-14 ára: 89 (13%)

15-18 ára: 13 (2%)

19-26 ára: 56 (8%)

27-70 ára: 466 (68%)

71 árs og eldri: 58 (9%)

Að lokum

Ég vil þakka öllu starfsfólki fyrir góð störf í þágu Golfklúbbs Suðurnesja. Starfsfólk og stjórn þakkar félagsmönnum fyrir hvatningu og jákvæðni í okkar garð. Við finnum fyrir miklum áhuga á því sem við erum að gera og félagsmenn eru duglegir að koma með góðar ábendingar klúbbum og starfinu til heilla.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Suðurnesja 2020-2021

Ólöf Sveinsdóttir,
Formaður